



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

D-300

Móttakið:

UTL númer:

UMSÓKN UM ENDURNÝJUN DVALARLEYFIS

Vinsamlegast vandaðu umsóknina og gættu þess að skrifa undir hana.
Ófullnægjandi umsókn getur valdið því að afgreiðslan tefst eða að umsókn verði synjað.

Merktu við tegund dvalarleyfis sem þú vilt endurnýja:

Dvalarleyfi á grundvelli atvinnuþátttöku	Dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar
Dvalarleyfi á grundvelli náms	Annað dvalarleyfi

Fyrir hvern er umsóknareyðublaðið?

Eyðublað þetta er fyrir dvalarleyfishafa sem vilja sækja um endurnýjun dvalarleyfis. Athugið að ekki er hægt að endurnýja allar tegundir dvalarleyfa.

Einstaklingar sem vilja sækja um dvalarleyfi á öðrum grundvelli en fyrra dvalarleyfi verða að nota umsóknareyðublöð fyrir fyrstu leyfi.

Hvernig er umsókn lögð fram?

Greidda þarf [afgreiðslugjald](#) áður en umsókn er lögð fram.

Sækja þarf um endurnýjun dvalarleyfis að minnsta kosti fjórum vikum áður en gildistími fyrra dvalarleyfis er liðinn.

Sé sótt um endurnýjun eftir að gildistími fyrra leyfis er liðinn, verður farið með umsókn eins og um fyrsta dvalarleyfi umsækjanda sé að ræða. Vinsamlegast greinið frá ástæðu þess að umsókn er lögð inn of seint í 6. lið umsóknareyðublaðsins, ef það á við.

Umsóknir er aðeins hægt að leggja fram á pappírformi, annað hvort í þar til gerðan póstkassa í anddyri Útlendingastofnunar að Dalvegi 18 í Kópavogi eða með því að senda umsókn í bréfpósti á sama heimilisfang. Einnig er hægt að leggja inn umsóknir hjá embættum sýslumanna utan höfuðborgarsvæðisins.

Útlendingastofnun áframsendir umsókn um atvinnuleyfi og ráðningarsamning til Vinnumálastofnunar til afgreiðslu, ef við á.

Það er á ábyrgð umsækjanda að leggja fram fullnægjandi gögn. Ef fullnægjandi gögn berast ekki með umsókninni getur það leitt til þess að afgreiðsla umsóknar tefjist eða að umsókninni verði synjað.

Útlendingastofnun getur óskað eftir viðbótargögnum þegar sérstakar ástæður mæla með því.

1. Umsækjandi

Eiginnafn	
Kenninafn	
Fyrri nöfn (ef við á)	
Kennitala	
Hjúskaparstaða	
Sambúð	Gift(ur)
Ógift(ur)	Ekkja/ekkill
	Skilin(n) að borði og sæng
	Lögskilin(n)
Heimilisfang, netfang og símanúmer á Íslandi	
Upplýsingarnar verða notaðar til að hafa samband við umsækjanda og því mikilvægt að þær séu réttar. Ef upplýsingarnar breytast á meðan umsókn er til vinnslu tilkynnið strax um það á netfangið utl@utl.is. Eftir að leyfi hefur verið útgefið tilkynnast breytingar á heimilisfangi til Þjóðskrár Íslands.	
Heimilisfang	
Póstnúmer og staður	
Símanúmer	
Netfang	

2. Maki umsækjanda

Ekki veita öll dvalarleyfi rétt til fjölskyldusameiningar	
Ég á ekki maka/sambúðarmaka	
Eiginnafn	
Kenninafn	
Fyrri nöfn (ef við á)	
Kennitala / Fæðingardagur	
Ríkisfang	Netfang
Dags. hjúskapar (dd.mm.áá.)	Dags. skráningar sambúðar (dd.mm.áá.)
Maki/sambúðarmaki minn	er á Íslandi
	ætlar að sækja um íslenskt dvalarleyfi
	ætlar ekki að flytja til Íslands

3. Börn umsækjanda undir 18 ára aldri

Ekki veita öll dvalarleyfi rétt til fjölskyldusameiningar	
Ég á ekki börn undir 18 ára aldri	
Eiginnafn	Kenninafn
	Kennitala / Fæðingardagur
1.	
2.	
3.	
4.	

4. Dvöl erlendis

Gefðu upplýsingar um ferðir erlendis á gildistíma síðasta dvalarleyfis, til þess dags þegar þessi umsókn er lögð fram.

	Land	Brottför frá Íslandi (dd.mm.áá.)	Koma til Íslands (dd.mm.áá.)	Fjöldi daga erlendis	Tilgangur dvalar erlendis
1.					
2.					
3.					
4.					

5. Sakaferill

Hefur þú, á gildistíma síðasta dvalarleyfis, sætt sektum, fangelsisrefsingum eða hefur þú stöðu grunaðs manns í lögreglurannsókn?

<input type="checkbox"/>	Nei
<input type="checkbox"/>	Já

Ef já, fyrir hvaða brot?

Í hvaða landi?		Hvenær?	
----------------	--	---------	--

Hver var refsingin?

6. Aðrar upplýsingar sem skipta máli við vinnslu umsóknar

Ef þú hefur frekari upplýsingar sem máli skipta varðandi umsóknina vinsamlegast komdu þeim á framfæri hér.



7. Umboðsmaður

Umsækjandi þarf aðeins að fylla út þennan lið umsóknar vilji hann hafa umboðsmann. Umboðið gildir aðeins fyrir afgreiðslu þessarar umsóknar. Aðeins einn einstaklingur eða lögaðili getur verið umboðsmaður hverju sinni. Óski umsækjandi eftir að fella umboð niður eða skrá nýjan umboðsmann skal hann tilkynna Útlendingastofnun það skriflega.

Upplýsingar um umboðsmann

Nafn	
Kennitala/fæðingardagur	
Heimilisfang	
Símanúmer	
Netfang	
Öryggistala*	

*Velja þarf **fjögurra stafa öryggistölu** sem gefa verður upp til að fá upplýsingar um mál umsækjanda hjá Útlendingastofnun. Öryggistölna þarf að meðhöndla líkt og lykilorð og skal hún aðeins vera á vitorði þeirra er málið varðar.

8. Mundir þú eftir öllu?

Útlendingastofnun mælir með því að þú notir gátlistana hér að neðan til að tryggja að umsóknin sé fullnægjandi.

Gátlisti – Gögn sem þurfa að fylgja öllum umsóknum

Greiðslukvittun. Koma þarf skýrt fram fyrir hvern/hverja er verið að greiða.
Ljósrit vegabréfs. Ljósrit þarf að vera af persónusíðu og síðu með rithandarsýnishorni umsækjanda. Gildistími skal vera minnst 90 dagar umfram fyrirhugaðan gildistíma dvalarleyfis.
Gögn sem staðfesta tryggja framfærslu á dvalartíma. Hægt er að sýna fram á framfærslu með einum eða fleiri þáttum. Upplýsingar um upphæð framfærslu og hvaða gögn geta sýnt fram á tryggja framfærslu er að finna á vef Útlendingastofnunar .
Umsækjandi hefur skrifað undir umsóknina.

Nauðsynleg fylgigögn við endurnýjun dvalarleyfis á grundvelli atvinnu

Umsókn um viðeigandi atvinnuleyfi. Í frumriti og undirrituð af atvinnurekanda og umsækjanda. Umsögn stéttarfélags fylgi, þar sem við á.
Ráðningarsamningur. Í frumriti og undirritaður af bæði atvinnurekanda og umsækjanda.

Nauðsynleg fylgigögn við endurnýjun dvalarleyfis á grundvelli náms

Staðfesting á námsrángri. Vottorð um námsrángur umsækjanda og skráningu hans í fullt nám, eftir því sem við á.
Staðfesting á útskrift. Staðfest afrit af útskriftarskírteini frá háskóla. Á einungis við um dvalarleyfi fyrir námsmenn í atvinnuleit.

9. Dagsetning og undirskrift

Útlendingastofnun kann að afla frekari upplýsinga um þig hjá innlendum og/eða erlendum aðilum sé það nauðsynlegt vegna umsóknarinnar til þess að tryggja að upplýsingar séu réttar og/eða sannreyna gildi vottorða. Ávallt er gætt að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 við upplýsingaöflun. Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála, Þjóðskrá Íslands, barnaverndaryfirvöldum og lögreglu er heimil vinnsla og miðlun persónuupplýsinga samkvæmt nánari fyrirmælum í lögum um útlendinga og lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sömu aðilum er auk þess heimilt að afla upplýsinga hjá skattayfirvöldum, Vinnumálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaga til þess að tryggja að dvöl þín sé lögleg.

Verði dvalarleyfi veitt áframsendir Útlendingastofnun upplýsingar til Þjóðskrár Íslands sem eru nauðsynlegar vegna skráningar í þjóðskrá.

Upplýsingar um þig kunna að vera notaðar við vinnslu seinni umsókna og/eða umsókna fjölskyldumeðlima til að tryggja að upplýsingar séu réttar. Á gildistíma dvalarleyfis kann Útlendingastofnun að taka gögn þín til skoðunar berist upplýsingar um breyttar aðstæður eða gildi gagna. Rangar eða villandi upplýsingar geta leitt til synjunar dvalarleyfis, afturköllunar og hugsanlega brottvísunar. Röng upplýsingagjöf til Útlendingastofnunar er brot á lögum um útlendinga og refsiverð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Persónuverndarstefnu Útlendingastofnunar má nálgast á [heimasíðu stofnunarinnar](#).

Ég staðfesti að ég hef lesið ofangreindar upplýsingar og að allar upplýsingar sem ég hef gefið vegna umsóknar um dvalarleyfi eru sannar og réttar.

Staður, dagsetning og undirskrift umsækjanda

Staður	
Dagsetning	
Undirskrift umsækjanda	

Fyllist út af Útlendingastofnun

	Dvalarleyfi veitt til (dd.mm.áá)	
Afgreitt		